

## VÍSIR AÐ TÓNLISTARKLASA Á ÍSLANDI

Freyja Gunnlaugsdóttir, MS í Stjórnun og stefnumótun, Háskóli Íslands  
Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor, Háskóla Íslands

Erindið segir frá rannsókn sem skoðar það hvort finna megi vísi að tónlistarklasa á Íslandi. Það er bent á heimildir sem gefa það til kynna að tónlistarlíf á Íslandi sé að eflast og að margháttað starfsemi í tengslum við tónlist sé að eflast með aðkomu margra hagsmunaaðila. Lykilspurningarnar sem unnið er með eru eftirfarandi: 1) Hvernig má sjá og skoða tónlist á Íslandi sem klasa?, 2) Hver kann staða klasans að vera í þróunarferli klasa? Og 3) Hver kunna brýnustu viðfangsefni að vera svo klasinn megi dafna? Rannsóknin byggir á klasanálgun Michaels E. Porters og samstarfsmanna hans og einnig er tekið mið af rannsóknum á tónlistarklössum sem eru fyrirbyggjandi erlendis. Rannsóknin sjálf er skilgreind sem raundæmisrannsókn þar sem byggt er á greiningu fyrirbyggjandi gagna í samhengi við greiningarverkfæri úr klasafræðunum. Þessi rannsókn er sjálfstætt framhald á rannsókn sem gerð var í tengslum við meistaraaritgerð Freyju Gunnlaugsdóttur, sem skrifuð var árið 2015. Leiðbeinandi meistaraaritgerðarinnar var dr. Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor. Niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram í klasakorti af tónlistarklasa, með greiningu á stöðu klasans í þróunarferli klasa og með greiningu á þeim þáttum sem gefa vísbendingar um aðstæður klasans til frekari þróunar. Meginniðurstaðan er að á Íslandi sé vísir að tónlistarklasa sem hafi forsendur til að þróast frekar. Jafnframt er bent á atriði sem skipta máli fyrir frekari þróun klasans.